

STF-2017-10 Tuttugu ára afmæli Kirkjubæjarstofu

Ársfundur Kirkjubæjarstofu 2017 verður að þessu sinni helgaður tuttugu ára afmælishátíð Kirkjubæjarstofu og fyrirhuguðu málþingi á Kirkjubæjarklaustri. Ekki er á þessu stigi hægt að tímasetja viðburðinn nákvæmlega en fyrirhugað er að halda afmælishátíðina í byrjun september 2017. Undirbúningur fyrir verkefnið hefst í mars/apríl 2017 og einnig leit að fyrirlesurum. Umfjöllunarefni málþingsins verður tengt náttúru, sögu og menningu svæðisins og tekur því mið af skilaboðum íbúðapings 2013, þar sem lögð var áhersla á þessa þætti. Áhersla er alltaf lögð á atvinnusköpun og eflingu byggðar við verkefni á vegum Kirkjubæjarstofu.

Verkefninu var úthlutað kr. 200.000.- árið 2017.